



Sjómannadagshelgin í Grundarfirði 2023

Fimmtudagurinn 1. júní

18:00 – Leirdúfuskoftimi. Einstaklings- og liðakeppni þar sem sjómenn etja kappi við landkrabba. Allir velkomnir. Skráning á skotgrund.mot@gmail.com

Föstudagurinn 2. júní

9:30 – Fiskasýning á Leikskólanum Sólvöllum. Sjómenn heimsækja skólann, bjóða upp á harðfisk og skora svo að venju á krakkana í reipitogskeppni.

12:00 – Sundlaugarfjör fyrir krakka 10 ára og eldri. Fatasund, koddaslagur, kararóður og fleira.

17:30 – Sjómannadagsgolfmót á Bárarvelli í boði G.RUN. Ræst verður út af öllum teigum kl. 18:00. Spilað verður fjögurra manna Texas. Skráning á www.golf.is eða á annamaria@grun.is. Skráningu lýkur kl. 14:00 sama dag.

Laugardagurinn 3. júní

11:00 – Krakkasprell í Vélsmiðju Grundarfjarðar í Ártúni. Hoppukastalar og leiktæki ásamt glaðningi fyrir börnin.

12:00 – Hátíðarsigling um fjörðinn að Melrakkaey. Hringur SH og Farsæll SH sigla að þessu sinni.

13:00 – Hátíðarhöld á hafnarsvæðinu hefjast:

- Boðið verður upp á hressingu í boði Kjörbúðarinnar og Kaffi 59.
- Keppnisgreinar og þrautabrautir við hafnarvogina. Hvert lið er skipað fjórum einstaklingum, en liðið þarf ekki vera skipað vönum sjómönnum.
- Reipitogskeppni um Pétursbikarinn.
- Skráning hjá Júlla Jobba í síma 869-6003 og á staðnum.

16:00 – Blakleikur í íþróttahúsinu. Sjómenn etja kappi við konur sínar, mæður, systur og dætur í æsispennandi leik. Í hálfleik verður verðlaunaafhending frá liðakeppninni við höfnina.

23:30 – Dansleikur á Kaffi 59 með hljómsveitinni SNILLD. Frítt inn fyrir þá sem bera merki sjómannadagsins.

Sunnudagurinn 4. júní

8:00 – Fánar dregnir að húni.

12:00 – Leikhópurinn Lotta verður með sýninguna GilitruTT í þríhyrningi. Frítt fyrir alla þá sem bera merki sjómannadagsins. Ef veður er vont verður sýningin í íþróttahúsinu.

14:00 – Sjómannaguðsþjónusta í Grundarfjarðarkirkju. Sr. Aðalsteinn Þorvaldsson messar og karlakórinn Kári syngur.

Eyjólfur Sigurðsson og Gunnar Hjálmarsson fyrrum sjómenn verða heiðraðir fyrir störf sín og sæmdir heiðursmerki sjómannadagsráðs Grundarfjarðar. Að guðsþjónustu lokinni verður stutt athöfn við styttna Sýn þar sem blómsveigur verður lagður til minningar um látna sjómenn.

15:00 – Sjómannadagskaffi Kvenfélagsins Gleym mér ei í Samkomuhúsi Grundarfjarðar. Verð: 3-12 ára 1.000 kr. og fullorðnir 2.000 kr. Ágóði kaffisölnunnar rennur til góðra málefna í Grundarfirði.

Merki sjómannadagsins verða til sölu við alla viðburði í dagskránni og kostar 500 kr.



Sofíanías Cecilsson hf.
Útgerð - Fiskverkun



Gamla Pósthúsið

Hamrahlíð 9 – Guesthouse



Sjómannadagurinn Grundarfirði

